

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

### **Efni: Umsögn um drög að lagafrumvarpi um farþegaflutninga og farmflutninga á landi**

ALP bílaleigan HF sem rekur vörumerkin Avis, Budget, Payless og Zipcar vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við umhverfis og samgöngunefnd.

Mikilvægt er að þingnefndin taki til skoðunar eftirfarandi atriði sem tengjast akstri akstri með ferðamenn gegn gjaldi.

- Miðað við fyrirbyggjandi drög er óheimilt að að nota minni bíl en 8.sæta til að selja ferðamönnum ferð, nema bíllinn sé eðlvað eða sérútbúin bifreið. Slík bifreið getur samkvæmt drögum ekki verið bílaleigubifreið. Þetta er verulega takmarkandi og ætti því að endurskoða. Einnig getur það varla talist umhverfisvænt að þurfa að nota að minnsta kosti 8 manna bíla til þjónusta hópa sem telja færri einstaklinga.
- Mörg ferðaþjónustufyrirtæki notfæra sér bílaleigubíla í sínum rekstri til aksturs með ferðamenn gegn gjaldi. Samkvæmt núverandi drögum að lögum verður fótunum kippt undan slíkri starfsemi þar sem ólöglegt verður fyrir ferðaþjónustuaðila ( sem þó eru með öll tilskilin leyfi ) að nýta sér bílaleigubíla í slíkri starfsemi. Þetta takmarkar mjög möguleika hjá fyrirtækjum að reka starfsemi með hagkvæmi því straumur ferðamanna er mjög sveiflukendur og því ekki hagkvæmt að eiga allar þær bifreiðar sem nauðsynlegt er að geta útvegað í þeim toppum sem skapast.

Bílaleigur hafa í fórum sér fjölbreyttan flota og því ættu lögin ekki að takmarka notkun á minni bílaleigubílum sem oft gætu verið hagkvæmari og umhverfisvænni.

Virðingarfyllst,

Fh Alp Hf

Þorsteinn Þorgeirsson  
Framkvæmdastjóri